

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
140 Reykjavík

Dags. 27. október 2025  
Tilv.: 2510011

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu í neytendamálum til ársins 2030**

1. Samkeppniseftirlitið vísar til beiðnar allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 10. október sl., þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stefnu í neytendamálum til ársins 2030, þingskjal 115 – 115. mál.
2. Í upphafi þingsályktunartillögunnar er lýst þeirri framtíðarsýn að á Íslandi verði traust umgjörð neytendamála sem stuðli að virkri samkeppni og veiti neytendum vernd, réttarstöðu og nauðsynlegar upplýsingar til að geta tekið upplýstar ákvarðanir, um leið og óréttmætum viðskiptaháttum sé mætt af festu.

#### **1. Víðtæk skírskotun virkrar samkeppni**

3. Samkeppniseftirlitið tekur undir mikilvægi þess að stuðlað sé að virkri samkeppni neytendum til hagsbóta, líkt og ráðgert er í þingsályktunartillögunni. Á sama tíma er mikilvægt að hafa í huga að samkeppni og eftirlit með henni hefur miklu víðtækari skírskotun en þá sem endurspeglast í tillögunni. Þannig liggur virk samkeppni til grundvallar öflugu atvinnulífi í heild sinni, þar sem vel rekin fyrirtæki starfa á opnum mörkuðum með nýjungar, umbætur og verðmætasköpun að leiðarljósi. Allt framangreint fær best þrífist í umhverfi virkrar samkeppni og með þeim hætti eru undirstöður reistar undir traust efnahagslíf.
4. Í starfi Samkeppniseftirlitsins endurspeglast þessi víða skírskotun virkrar samkeppni m.a. í því að eftirlitið á umfangsmikil samskipti og í sumum tilvikum samstarf við breiðan hóp stofnana sem koma að atvinnulífinu, þ.á m. þær stofnanir sem hafa með höndum eftirlit með tilteknum sviðum atvinnulífsins eða tegundum atvinnufyrirtækja. Sumar þessar stofnanir fara með verkefni sem varða vernd neytenda, en flestar gæta jafnframt annarra almannahagsmuna.
5. Hin breiða skírskotun samkeppninnar birtist líka í því að við mótnu atvinnustefnu, sem nú er á dagskrá stjórnvalda, er mikilvægt að stjórnvöld hafi í huga að virk samkeppni er grundvöllur flestra þeirra markmiða sem stjórnvöld hafa sett fram í nýlega birtu áformaskjali, sbr. m.a. [umsögn Samkeppniseftirlitsins til forsætisráðuneytisins, dags. 1. september 2025](#).
6. Með allt framangreint í huga er að mati Samkeppniseftirlitsins ástæða til fyrir stjórnvöld að marka sér sérstaka stefnu í samkeppnismálum, þar sem m.a. er hugað að lýðræðislegri og efnahagslegri þýðingu virkrar samkeppni og hvernig samkeppni getur nýst sem verkfæri fyrir íslenskt efnahagslíf til þess að skara fram úr.

#### **2. Vöktun á þróun verðlags**

7. Í 10. tölulið aðgerðaráætlunarinnar sem birtist í þingsályktunartillögunni er kveðið á um markvissa vöktun á þróun verðlags og vísitölu og undirliggjandi áhrifaþáttum. Er þar greint frá stofnun sérstaks markaðs- og neytendateymis sem ætlað er að vakta áhrifaþætti og miðla upplýsingum. Þá er Samkeppniseftirlitið nefnt sem samstarfsaðili teymisins.



8. Samkeppniseftirlitið er reiðubúið til að liðsinna við umrædda vinnu. Það sem Samkeppniseftirlitið getur einkum lagt til málanna er þekking á markaðsbrestum og um leið tækifærum til úrbóta, sem eftirlitið hefur aflað sér með margskonar rannsóknum og öðrum eftirlitsverkefnum. Samkeppniseftirlitið býr þó alla jafna ekki yfir upplýsingum um þróun verðlags, nema slíkar upplýsingar varði rannsóknir á tilteknum samkeppnishindrunum.
9. Þá kann Samkeppniseftirlitið að geta ráðlagt um það hvenær gagnsæi í verðlagningu og fleira getur nýst neytendum og öðrum viðskiptavinum til þess að skapa fyrirtækjum aðhald og hvenær hættu er á að gagnsæi styrki þvert á móti fákeppni á mörkuðum, en það getur gerst þegar upplýsingagjöf fyrirtækjanna nýtist fyrst og fremst þeim sjálfum til þegjandi samhæfingar sín á milli, fremur en neytendum og öðrum viðskiptavinum.
10. Samkeppniseftirlitið er reiðubúið að fylgja umsögn þessari nánar úr hlaði, eftir því sem nefndin óskar.

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið